

FUNDARGERÐ

266. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 28. febrúar 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Þráinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir, Mörður Áslaugarson, Rósa Kristinsdóttir, Aron Ólafsson. Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Ingvar Þóroddsson, sem kom inn sem varamaður fyrir Diljá Ámundadóttur Zoega, sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð nr. 265 var lögð fram og var samþykkt.

2. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti sig fyrir stjórn og fyrstu daga hans í starfi sem fjármálastjóra. Hann fór yfir hugmyndir um bættu upplýsingagjöf og möguleg umbótamál til að styrkja áætlanagerðina og bæta rekstur félagsins til framtíðar.

Hann upplýsti að ársuppgjör 2023 sé komið vel á veg og öll gögn séu komin til endurskoðenda félagsins. Ákveðið var að næsti fundur stjórnar verði föstudaginn 22. mars kl. 12 til þess að fara yfir ársuppgjórið og svo verði hefðbundinn stjórnarfundur 27. mars.

Drög að mánaðaruppgjöri fyrir janúar 2024 liggja fyrir. Rekstrarniðurstaðan án afskrifta og fjármagnsliða var lakari en áætlun gerir ráð fyrir. Tekjur voru 3 m.kr. yfir áætlun en gjöld voru 19 m.kr. hærrí en áætlun. Helstu skýringar séu margþættar, m.a. vegna yfirvinnu fréttafólks og aukinni vinnu tæknimanna vegna tveggja eldgosa á tímabilinu.

Fjármálastjóri var með kynningu um rekstraráætlun fyrir árið 2024 – framvindu, veikleika og útfærslu hagræðingaraðgerða. Eitt af fyrirliggjandi verkefnum var að útfæra 42 m.kr. hagræðingarkröfu fyrir yfirstandandi ár. Á hinn bóginn þá hafi orðið nokkrar breytingar á forsendum í rekstraráætluninni frá því hún var samþykkt í stjórn desember sl. sem leiði að óbreyttu til lakari afkomu innan ársins. Þarna sé um að ræða forsendur um greiðslur til EBU, vanmat á launagreiðslum og hærrí afskriftum eða samanlagt um 40 m.kr. sem gerir 82 m.kr. hagræðingu í stað 42 m.kr.

Ljóst sé að áætlunin um auglýsingatekjur á árinu mun ekki halda og stefnir í að frávikíð verði verulegt til lækkunar. Ýmsir samverkandi þættir valda því að auglýsingatekjur stefna í að verða lægri s.s. óvissa vegna kjarasamninga og almennt minni þróttur í hagkerfinu. Nú sé áætlað að auglýsingatekjurnar gætu orðið 200 m.kr. lakari en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Í ljósi þess að tveir mánuðir séu liðnir af árinu sé þörf á að bregðast hratt við og hefja undirbúning að aðgerðum til að bæta afkomuna innan ársins. Á næsta stjórnarfundum verði nánar kynntar tillögur að hagræðingaraðgerðum í rekstri félagsins.

3. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðna við félög réttihafa og önnur félög, einkum varðandi heildarsamning um notkun á eldra efni í safni RÚV. Þá var farið yfir stöðu undirbúnings vegna komandi forsetakosninga, sem fjallað verður um með fjölbreyttum hætti í útvarpi, sjónvarpi og á vef.

Gerð var grein fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á vegum EBU og RÚV í Reykjavík í apríl, þar sem fjallað verði um ýmis málefni á sviði fjölbreytileika, jafnræðis og inngildingar.

MT
AR
AS
RW
SIRB
U

Þá gerði útvarpsstjóri grein fyrir undanúrslitakvöldum Söngvakeppninnar, sem gengið hefðu vel og fengið góðar viðtökur og gott áhorf.

Loks var vakin athygli á því aðalfundur félagsins ráðgerður 18. apríl nk.

Önnur mál.

MÁ lagði á ný fram tillögu sínu frá síðasta fundi um þátttöku RÚV í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Var henni að tillögu formanns afgreidd með sama hætti og á síðasta fundi, með frávísun gegn atkvæði MÁ.

SEÐ: Sigríður H. Þórgísson



Margrét Tryggvadóttir

SEÐ VALGEIR VÍTHJAN

hú Elfsen

SEÐ DÁZ

Rósa Kristófersdóttir